

Uppgjör 2. ársfjórðungs 2023

27. júlí 2023

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 2F 2023**

- Uppgjör 2F 2023

- Staða og horfur


Helstu niðurstöður á 2F 2023



Vörusala

34,2 ma.kr.


+14,2% milli ára



Framlegð af vörusölu

22,7%


-1,8 p.p. milli ára



Laun/Framlegð af vörusölu

53,3%


+6,8 p.p. milli ára



EBITDA

2.562 m.kr.


-12,0% milli ára



EBITDA/Framlegð af vörusölu

33,0%


-6,7 p.p. milli ára



Handbætt fé frá rekstri

2.859 m.kr.

+500,4% milli ára



Helstu fréttir af starfseminni



- Nýr framkvæmdastjóri
- Nýir sjálfssalar á þjónustustöðvum
- Kynjahlutföll jöfnuð



- Raftækjamarkaðurinn í vexti
- Opnað á fyrirtækjaviðskipti á netinu
- Notuð raftæki skila verðmætum



- Krónan í mikill sókn
- Endurmörkun vel tekið
- Yfirhalning hafin á Granda



- Nýr framkvæmdastjóri
- Skipulagsbreytingar
- Kaupsamningur um Lyfju í höfn

Ýmir og Óðinn nýir framkvæmdastjórar



Ýmir Örn Finnbogason nýr framkvæmdastjóri N1 - tók til starfa 1. júní sl.

- Yfirmaður gagnagreiningar hjá Deloitte frá árinu 2021-2023
- Fjármálastjóri Plain Vanilla Games og seinna Teatime Games árin 2012-2021
- Sérstakur fjármálaráðgjafi sjávarútvegsfyrirtækja hjá Deloitte á árunum 2010-2012
- Fjármálastjóri TaxFree Europe með aðsetur í London á árunum 2007-2010
- Forstjóri Rammagerðarinnar árin 2004-2006

Ýmir Örn er með meistaragráðu í reikningshaldi og fjármálum frá Cass Business School í London og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.



Óðinn Árnason nýr framkvæmdastjóri Festi fasteigna ehf. - tók til starfa 12. júlí sl.

- Sjóðstjóri hjá Stefni hf. frá 2017-2023
- Sjóðstjóri hjá Stapa lífeyrissjóði á árunum 2012-2017
- Vann við fasteigna- og markaðsgreiningar hjá Kaupthing Sverige AB árin 2011-2012
- Sjóðstjóri hjá Íslenskum verðbréfum árin 2009-2010
- Miðlari hjá Sparisjóðabankanum á árunum 2007-2009

Óðinn er með meistaragráðu í fasteignafjárfestingum, greiningum og umsýslu fasteigna frá Konunglega Tækniháskólanum í Svíþjóð. Þá er Óðinn með próf í sjálfbærum fjárfestingum frá PRI Academy og í verðbréfavíðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík.

Dagný fer fyrir stefnumótun á skrifstofu forstjóra



Dagný Engilbertsdóttir tekur við sem forstöðumaður stefnumótunar á skrifstofu forstjóra

- Verkefnastjóri stefnumótunar hjá Ørsted, stærsta orkufyrirtæki Danmerkur frá árinu 2021
- Ráðgjafi hjá McKinsey & Company í Kaupmannahöfn á árunum 2019-2021
- Vann í fjárstýringu og á fjármálamörkuðum Íslandsbanka á árunum 2013-2017

Dagný Engilbertsdóttir er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA frá IESE Business School í Barcelona. Hún er jafnframt löggiltur verðbréfamíðlari frá Háskólanum í Reykjavík.

Skipulag Festi og rekstrarfélaga



REKSTRARFÉLÖG FESTI



Framkvæmdastjóri ELKO
Óttar Örn Sigurbergsson



Framkvæmdastjóri N1
Ýmir Örn Finnbogason



Framkvæmdastjóri Krónunnar
Guðrún Aðalsteinsdóttir

MÓÐURFÉLAG OG STÖDFÉLÖG



Framkvæmdastjóri
Bakkans
verður ráðð í



Framkvæmdastjóri
Fjármála- og rekstrarsviðs
Magnús Kr. Ingason



Framkvæmdastjóri Festi
fasteigna ehf.
Óðinn Árnason

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Forstjóri Festi
Ásta S. Fjeldsted

Forstöðumaður stefnumótunar
og sjálfbærni
Dagný Engilbertsdóttir

Samningur í höfn um kaup á öllu hlutafé í Lyfju hf.



- Þann 13. júlí sl. undirrituðu Festi hf. og SID ehf. samning um kaup Festi á öllu hlutafé í Lyfju hf.
- Samkvæmt samningnum er heildarvirði Lyfju metið á 7,8 milljarða króna en endanlegt heildarvirði og kaupverð ræðst af skuldastöðu Lyfju við afhendingu ásamt gengi hlutabréfa í Festi á þeim tíma.
- Kaupverðið verður greitt með afhendingu 10 milljón hluta í Festi og greiðslu 6 milljarða króna með handbæru fé að frádregnum nettó vaxtaberandi skuldum Lyfju á efndadegi.
- Viðskiptin eru m.a. háð skilyrðum um samþykki hluthafafundar Festi, sem halda skal eigi síðar en 25. ágúst, og samþykki Samkeppniseftirlitsins.
- Lyfja sérhæfir sig í rekstri apóteka auk heild- og smásölu með heilsutengdar vörur. Félagið starfrækir í dag 45 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið auk vefverslunar og apps. Hjá Lyfju og dótturfélögum starfa um 380 manns. Heildarvelta Lyfju var 15 milljarðar króna árið 2022.



Gengið frá kaupum Festi á Lyfju



Frá undirritun samningsins í dag.

Tímalínan – kaupin á Lyfju



13. júlí



Kaup-
samningur
undirritaður.

1. ágúst



Hluthafafundur
boðaður.

Lok ágúst

Hluthafafundur Festi:
Stjórn sækir um
heimild til hækkunar
hlutafjár vegna
viðskiptanna.

Lok ágúst/byrjun sept.

Samrunatilkynning
send til Samkeppnis-
eftirlitsins.

...byrjun næst árs 2024

Afstaða Samkeppnis-
eftirlitsins liggur fyrir.
Afhending félagsins
fer fram.

Stærsta stöð N1 opnar brátt og kynjahlutföll jafnast



- **Stærsta stöð N1 á Suðurnesjum opnar í september nk.** en skóflustunga var tekin að nýrri þjónustumiðstöð N1 að Flugvöllum í Reykjanesbæ í maí mánuði. Áætlað er að framkvæmdum við stöðina ljúki í september árið 2023.
- **Kynjahlutföll stöðvarstjóra nú 50/50** með ráðningu Aríu Jóhannesdóttur í starf stöðvastjóra í Ólafsvík í júní sl.
- **Kristín Þorleifsdóttir ráðinn veitingastjóri** á Verslunarsviði N1 í maí og er hlutverk hennar að leiða þróun veitinga með áherslu á ferskar og hollari lausnir með breyttum neysluvenjum.
- **Raforkuviðskiptavinum fjölgar statt og stöðugt** og er fjöldinn nú kominn yfir 22 þúsund viðskiptavini.
- **N1 appið fengið góðar viðtökur** og notendur nálgast 13 þúsund.
- Afhentum yfir **62 þúsund Dropp pakka** á ársfjórðungnum sem er 19% aukning miðað við sama tíma í fyrra.



Viðskipti | mbl | 20.6.2023 | 11:22

Kristín nýr veitingastjóri N1



Kristín Þorleifsdóttir er menntaður matreiðslumaður og hefur lokið viðskiptafræðigráðu frá HR. Ljósmynd/Aðsend

N1 innleiðir nýtt dælustýringarkerfi og sjálfsala



- **N1 steig fyrstu skrefin í innleiðingu á nýju dælustýringarkerfi og eldsneytissjálfsölum.** Nýir sjálfsalar hafa verið settir upp á 65 staðsetningum hringinn í kringum landið og hafa fengið góðar móttökur.
- **Búið er að setja upp og opna sjálfsafgreiðslu kioska á þjónustustöðvum N1 Borgarnesi, Staðarskála og á Ártúnshöfða** til að auka skilvirkni afgreiðslu til viðskiptavina.
- **Nýjar hraðhleðslustöðvar** settar upp í Borgarnesi og Háholti, hraðhleðslustöðvar í Skógarlind og Staðarskála uppfærðar og lokaundirbúningur kláraður fyrir nýjar hraðhleðslustöðvar á Ártúnshöfða og Hvolsvelli.
- **N1 og KA gera nýjan fjögurra ára samning um N1 mótið.** Í upphafi N1 móts var skrifað undir nýjan fjögurra ára samning milli knattspyrnudeildar KA og N1 um áframhaldandi samstarf.
- **Þorgrímur Þráins og N1 undirrita samstarfssamning** en Þorgrímur hefur undanfarin ár flutt fyrirlesturinn *Verum ástfangin af lífinu*, í boði N1, fyrir alla 10. bekki á Íslandi, skólunum að kostnaðarlausu.



Krónan í mikilli sókn þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi



- Vörusala á öðrum ársfjórðungi námu 16.178 millj. kr. - hækkun um 30,3% á milli ára.
- Fjöldi heimsókna eykst töluvert milli ára eða um 20% og fjöldi seldra stykkja sömuleiðis eða um 16%.
- Hlutdeild Krónunnar á dagvörumarkaði er það hæsta sem mælst hefur á einum ársfjórðungi eða 35% á öðrum ársfjórðungi 2023 skv. markaðskönnun Gallup.
- Velta Snjallverslunar hefur aukist um tæplega 80% milli ára. Snjallverslun á fullri ferð og nú geta íbúar í Vogum, Reykjanesbæ, Grindavík og Sandgerði nýtt sér þessa handhægu og góðu þjónustu.
- Krónan leggur áherslu á gegnsæi í allri sinni verðlagningu. Með Krónuappinu eru viðskiptavinir komnir með verðskanna í vasann til að bera saman verð á milli verslana í rauntíma.



Krónan fór í endurmörkun og *til í þetta* sumar!



- **Nýja Krónumerkið lifnar við í verslunum.** Endurmörkun Krónunnar fær góðar viðtökur viðskiptavina.
- **Prófum okkur áfram með veðurstilltar auglýsingar** – fyrst á íslenskum markaði.
- **Krónan býður upp á einstaka leikhúsupplifun í stórmarkaði!** Urbana í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Krónuna á Granda frumsýndi leiksýninguna *Aspas*.
- **Krónan vekur athygli á mikilvægi deiliahagkerfa í gegnum „Taktu poka – Skildu eftir poka.“** Skemmtilegt og athyglisvert samstarf með Hönnunarmars og Stúdíó Fléttu.
- **Krónan tekur þátt í Stóra Plokkdeginum og hvetur viðskiptavini til að plokka.** Komdu með plokkið til okkar; gámar fyrir plokk frá Íslenska Gámafélaginu staðsettir í fjölda verslana Krónunnar.
- **Yfirhalning hafin á verslun Krónunnar á Granda.** Þar opnar ný og glæsilegri verslun á þriðja ársfjórðungi.



Áframhaldandi vöxtur á raftækjamarkaði




- **Áframhaldandi vöxtur á raftækjamarkaði** eða um 12% á öðrum ársfjórðungi skv. mælingum RSV.
- **Rekstur ELKO á Keflavíkurflugvelli** gekk vel á ársfjórðungnum, aukning í veltu var umfram aukningu í farþegafjölda.
- **Viðgerðarlagar opnaður á fjórðungnum** sem er fyrir tæki í viðgerðarferli og eigin viðgerðarakstri sem mun auka þjónustustig umtalsvert og stytta viðgerðarferlið.
- ELKO sendi fulltrúa til starfa á **stærsta rafíþróttamót Norðurlandanna, Dreamhack** í Jönköping sem er partur af því að styðja við uppgang rafíþróttar á Íslandi.
- **Stærsta raftækjaráðstefna Norðurlandanna í boði Elkjop** var heimsótt af fjölda starfsmanna ELKO til að auka við þekkingu og færni.
- **Mikill árangur hefur náðst í kaupum á notuðum raftækjum** af viðskiptavinum. Á fyrstu 6 mánuðum ársins er yfir 30% aukning í magni og 60% aukning í verðmætum milli ára.

Tækni & vísindi | mbl | 4.7.2023 | 15:47

Hafa greitt 7,4 milljónir fyrir notuð raftæki



Kaup ELKO á notuðum raftækjum hafa aukist til muna á milli ára. Ljósmynd/somsett



Opnað á reikningsviðskipti fyrir fyrirtæki á elko.is






- **Innskráning fyrirtækja nú aðgengileg á elko.is.** Fyrirtæki geta sótt um úttektarheimild, stillt úttektaraðila og sett vörur í reikning í vefverslun elko.is.
- **Sala til fyrirtækja** á fyrstu 6 mánuðum í miklum vexti, uppsafnaður vöxtur síðan 2020 er um 80%.
- **ELKO gerir rammisamning við Ríkiskaup** í sölu á almennum heimilistækjum - heildarverðmæti 500 m.kr.
- **ELKO er mætt á TikTok** með áhugaverða fræðslu um raftæki og tengdar vörur. Hvetjum alla til að kíkja þangað!
- **Framkvæmdir að hefjast á nýrri og glæsilegri verslun ELKO** í komuverslun Keflavíkurflugvallar nú ágúst.
- **ELKO tekur þátt í Midgard 2023 í Laugardalshöll** – ráðstefna fyrir aðdáendur tölvuleikja, borðspila, teiknimyndasagna ofl.



Fjöldi viðskiptavina og sala á öðrum ársfjórðungi í mikilli aukningu milli ára



■ 2022 ■ 2023



- Starfsemin á 2F 2023
- **Uppgjör 2F 2023**
- Staða og horfur

Ytri áhrifapættir 2F 2023




Þróun verðlags, launa og vaxtastigs

- **Hækkun neysluverðsvísitölu sl. 12 mánuði nam 9,5%.** Neysluverðsvísitala mældist 590,6 í lok fjórðungsins í samanburði við 539,5 í lok 2F 2022.
- **Hækkun launavísitölu sl. 12 mánuði nam 9,6%.** Launavísitalan mældist 939,1 í lok ársfjórðungsins í samanburði við 856,8 í lok 2F 2022.
- **Hækkun stýrivaxta Seðlabankans sl. 12 mánuði nam 84,2%.** Stýrivextir voru 8,75% í lok ársfjórðungsins í samanburði við 4,75% í lok 2F 2022.

Ástand á hrávörumörkuðum

- **Hægst hefur á boðuðum verðhækkunum frá birgjum.** Ástand á hrávörumörkuðum almennt á leið í rétta átt, en áframhaldandi áskoranir víða, t.d í sykri, ólífuolíu, appelsínusafa og hrisgrjónum. Væntingar um að verðlækkunir fari að skila sér á Q3 og Q4. Líkur á að umtalsverðar hækkunir verði á lambakjöti í haust vegna hækkunar á verði til bænda.



Ytri áhrifapættir 2F 2023




Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli 2F 2022 og 2F 2023:

- **Meðalverð gasolíu** var 728 dollarar í samanburði við 1.203 dollara á 2F 2022, lækkun um 39,5%.
- **Meðalverð á bensíni** var 897 dollarar í samanburði við 1.294 dollara á 2F 2022, lækkun um 30,7%.


Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 2F 2023:

- **USD veiktist** um 0,7% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 2F nam 5,3%.
- **EUR veiktist** um 0,2% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 2F nam 3,4%.

Verðþróun á Mogas 95 og Dísel



Þróun á gengi gjaldmiðla




Rekstur samstæðunnar á 2F 2023




- **Tekjur af vöru og þjónustusölu** jukust um 4,3 ma. kr. eða 14,2% á milli ára.
- **Framlegð af vörusölu** nam 7.756 millj. kr. Aukningin nam 431 millj. kr. eða 5,9% á milli ára.
- **Framlegðarstig hækkar um 1,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi 2023** en bætingin nær til allra starfspátta félagsins.
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 4.138 millj. kr., hækkun um 730 millj. kr. eða 21,4% milli ára. Einskiptiskostnaður á fjórðungnum 154 millj. kr.
- **Stöðugildin** voru 1.359 á fjórðungnum, aukning um 120 eða 9,7% á milli ára.
- **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 5,8% milli ára.
- **EBITDA** 2.562 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2023, lækkun um 349 millj. kr. eða 12,0% milli ára.

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	34.199	29.936	4.263	14,2%
Framlegð af vörusölu	7.756	7.325	431	5,9%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	518	482	36	7,5%
Laun og annar starfsmannakostnaður	4.138	3.408	730	21,4%
Annar rekstrarkostnaður	(1.575)	(1.489)	(86)	5,8%
EBITDA	2.562	2.911	(349)	-12,0%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	33,0%	39,7%	-6,7 p.p.	-16,9%
Laun/framlegð af vörusölu	53,3%	46,5%	+6,8 p.p.	14,7%
Hagnaður á hlut	2,43	4,45	-2,02	-45,4%


Vörusala



Framlegð af vörusölu



EBITDA




Framlegð af vörusölu á 2 ársfjórðungi




- Aukin vörusala í öllum flokkum milli ára en framlegðarstig lækkar. Bæting á framlegðarstigi í öllum flokkum frá síðasta ársfjórðungi 2023.
- Framlegðarhlutfallið á 2F 2023 var 22,7% og lækkar um 1,8 p.p. frá síðasta ári en hækkar um 1,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi.
- Framlegð í krónum eykst í öllum flokkum frá 2F 2022 nema eldsneyti.
- Framlegð af dagvöru í krónum eykst um 19,8% frá fyrra ári, eldsneyti og rafmagn minnkar um 20,4%, raftæki aukast um 11,3% og aðrar vörur aukast um 5,5% milli ára.
- Heildarframlegð eykst um 5,9% og er 7.756 millj. kr. á fjórðungnum samanborið við 7.325 millj. kr. á 2F 2022.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn



Raftæki



Aðrar vörur og þjónusta




Laun og starfsmannakostnaður á 2F 2023




- **Laun og starfsmannakostnaður hækkar um 730 millj. kr. á milli ára.**
- **Stöðugildum fjölgar um 120 milli ára og nemur hækkunin um 308 millj. kr.**
 - Nýjar verslanir Krónunnar, nýtt verkstæði N1, Iceland Food Company ásamt nýjum útsölustöðum skýra aukninguna milli ára.
- **Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana** nemur 250 millj. kr. milli ára.
- **Einskiptiskostnaður** vegna starfslokasamninga nemur 154 millj. kr. á fjórðungnum
- **Hækkun milli ára nemur 7,9%** án áhrifa aukningar í stöðugildum og áhrifa einskiptiskostnaðar.

Laun og launatengd gjöld 2F 2022	3.408
Stöðugildi - breyting	308
Samningsbundnar launahækkanir	250
Orlofsskuldbinding	16
Aðrar breytingar	155
Laun og launatengd gjöld 2F 2023	4.138

Laun og launatengd gjöld
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára




Starfspáttayfirlit samstæðunnar fyrir 2F 2023




Milljónir króna	N1	Krónan	Elko	Önnur félög	Samtals
Tekjur utan samstæðu	14.214	15.825	4.409	269	34.717
Tekjur innan samstæðu	102	352	3	1.760	2.218
Heildartekjur starfspáttá	14.316	16.178	4.413	2.029	36.935
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(13.228)	(15.029)	(4.033)	(1.110)	(33.400)
EBITDA starfspáttá	1.088	1.149	380	918	3.535
Afskriftir starfspáttá	(711)	(529)	(138)	(264)	(1.643)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	0	86	86
EBIT rekstrarafkoma starfspáttá	377	619	242	740	1.978
Hrein fjármagnsgjöld	(263)	(113)	(32)	(792)	(1.200)
Áhrif hlutdeildarfélaganna og tap af sölu eignarhl.	0	0	0	50	50
Tekjuskattur	(23)	(92)	(42)	5	(152)
Hagnaður ársfjórðungsins	91	414	168	3	676
Eignir starfspáttá	29.819	21.376	5.605	37.971	94.771
Fjárfestingar starfspáttá	628	273	117	548	1.566
Skuldir starfspáttá	20.755	17.361	4.278	18.736	61.130

EBITDA starfspáttá



Eignir starfspáttá



N1 - Helstu niðurstöður á 2F 2023



- Tekjur námu 14.316 millj. kr., aukning um 440 millj. kr. eða 3,2% á milli ára.
- Sala á eldsneyti og rafmagni lækkar milli ára um 152 millj. kr. eða 1,6%. Salan nam 53,9 millj. lítrum sem er 8,7% aukning frá síðasta ári. Aukning átti sér stað í öllum tegundum nema flugeldsneyti.
- Sala á öðrum vörum jókst um 389 millj. kr. eða 16,8% milli ára. Ágætt aukning í rekstrarvörum, hjólbörðum, efnavörum og bifreiðapjónustu.
- EBITDA var 1.088 millj. kr. sem er samdráttur um 583 millj. kr. eða 34,9% á milli ára.
- Einskiptiskostnaður 84 millj. kr. vegna starfsloka-samninga er gjaldfærður á ársfjórðunginn.
- Þá er lægri framlegð af sölu til stórnotenda vegna lækkunar heimsmarkaðsverðs en einnig er neikvæður mismunur 232 millj. kr. í hagnaði eldsneytisvarna milli ára.

 **96**

Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **12**

Hjólbarða- og
smurverkstæði

 **26**

Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

	2F 2023	2F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	14.316	13.877	440	3,2%
Heildargjöld	(13.228)	(12.205)	(1.023)	8,4%
EBITDA	1.088	1.672	(583)	-34,9%
EBITDA-hlutfall	7,6%	12,0%	-4,4 p.p.	-36,9%
EBIT	377	1.018	(641)	-62,9%
EBIT-hlutfall	2,6%	7,3%	-4,7 p.p.	-64,1%
Hagnaður	91	674	(583)	-86,5%

Krónan - Helstu niðurstöður á 2F 2023



 **27**
Matvöruverslanir



Fyrsta verslunarkeðjan á
Íslandi með Svansvottun

 **6 ár**

Ánægðustu viðskiptavinir
á matvörumarkaði

- Tekjur 16.178 millj. kr. hækkun um 3.762 millj. kr. eða 30,3% á milli ára.
- Icelandic Food Company partur af samstæðu Krónunnar frá 1. janúar 2023.
- Nýjar verslanir í Borgartúni, Akureyri og Skeifunni en annarri lokað í sama hverfi. Like for like tekjur eru að aukast um 16,7% milli ára.
- EBITDA 1.149 millj. kr., sem er hækkun um 219 millj. kr eða 23,6% á milli ára.
- Ýmsar aðgerðir í gangi til að bæta framlegðarstig og lækka kostnað.

	2F 2023	2F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	16.178	12.415	3.762	30,3%
Heildargjöld	(15.029)	(11.486)	(3.543)	30,8%
EBITDA	1.149	929	219	23,6%
EBITDA-hlutfall	7,1%	7,5%	-0,4 p.p.	-5,1%
EBIT	619	487	132	27,2%
EBIT-hlutfall	3,8%	3,9%	-0,1 p.p.	-2,4%
Hagnaður	414	303	111	36,7%

ELKO - Helstu niðurstöður á 2F 2023



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2022



Fyrirmyndarfyrirtæki
VR 2022

- Tekjur 4.413 millj. kr., aukning um 462 millj. kr. eða 11,7% á milli ára.
- Með auknum fjölda ferðamanna ásamt ferðalögum Íslendinga erlendis þá eykst sala í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, aukningin nemur 35% milli ára.
- Aukning veltu í öllum verslunum ELKO nema Vefverslun og Granda.
- Framlegð 1.075 millj. kr og eykst um 5,4% milli ára. Framlegðarstig hækkar frá síðasta ársfjórðungi en lækkar milli ára.
- EBITDA 380 millj. kr. sem er hækkun um 36 millj. kr. eða 10,6% á milli ára.

	2F 2023	2F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	4.413	3.950	462	11,7%
Heildargjöld	(4.033)	(3.607)	(426)	11,8%
EBITDA	380	343	36	10,6%
EBITDA-hlutfall	8,6%	8,7%	-0,1 p.p.	-1,0%
EBIT	242	217	25	11,7%
EBIT-hlutfall	5,5%	5,5%	-0,0 p.p.	0,0%
Hagnaður	168	164	4	2,3%

Önnur félög - Helstu niðurstöður á 2F 2023

BAKKINN
vöruhótel

FESTI
fasteignir

- Tekjur 2.029 millj. kr., aukning um 177 millj. kr. eða 9,5% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna 973 millj. kr. samanborið við 885 millj. kr. á 2F 2022.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 98% samanborið við 97% á 2F 2022, hækkar um 1 p.p.
- Eigin not húsnæðis var 88% sem er svipað og árið áður.
- EBITDA 918 millj. kr. og hækkar um 68 millj. kr. milli ára.

 **83**
Eignir í eigu
samstæðunnar

 **98%**
Húsnæðis í útleigu

 **88%**
Eigin not húsnæðis


	2F 2023	2F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	2.029	1.852	177	9,5%
Heildargjöld	(1.110)	(1.002)	(109)	10,8%
EBITDA	918	850	68	8,0%
EBITDA-hlutfall	45,3%	45,9%	-0,6 p.p.	-1,4%
EBIT	740	553	187	33,8%
EBIT-hlutfall	36,5%	29,9%	+6,6 p.p.	22,2%
Hagnaður	3	116	(114)	-97,6%

Efnahagsreikningur 30.06.2023




Milljónir króna	30.6.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Viðskiptavild	14.842	14.862	(20)	-0,1%
Aðrar óefnislegar eignir	4.387	4.517	(130)	-2,9%
Rekstrarfjármunir	35.036	34.815	221	0,6%
Leigugeignir	8.130	8.012	118	1,5%
Fjárfestingarfasteignir	6.596	6.479	117	1,8%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.409	2.601	(192)	-7,4%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	149	150	(2)	-1,1%
Fastafjármunir alls	71.562	71.450	112	0,2%
Birgðir	14.259	13.086	1.173	9,0%
Viðskiptakröfur	5.950	5.960	(10)	-0,2%
Aðrar skammtímakröfur	674	764	(90)	-11,8%
Handbært fé	2.326	2.112	214	10,1%
Veltufjármunir alls	23.209	21.923	1.286	5,9%
Eignir samtals	94.771	93.373	1.398	1,5%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- **Heildareignir námu 94.771 millj. kr. og hækka um 1.398 millj. kr. frá áramótum.**
- Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir **hækka um 338 millj.kr.**
- Vörubirgðir **hækka um 1.173 millj. kr.** frá áramótum vegna **aukinna umsvifa** og árstíðasveiflu í rekstri.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur **lækka um 100 millj. kr frá áramótum.**
- **Handbært fé 2.326 millj. kr. í lok annars ársfjórðungs** sem er 214 millj. kr. hækkun frá áramótum.

Efnahagsreikningur 30.06.2023




Milljónir króna	30.6.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Eigið fé	33.641	34.460	(819)	-2,4%
Skuldir við lánastofnanir	27.498	28.224	(726)	-2,6%
Leiguskuldir	7.830	7.715	115	1,5%
Tekjuskattskuldbinding	6.087	6.001	86	1,4%
Langtímaskuldir alls	41.414	41.940	(525)	-1,3%
Skuldir við lánastofnanir	1.801	1.790	11	0,6%
Leiguskuldir	784	712	72	10,1%
Viðskiptaskuldir	9.863	8.630	1.233	14,3%
Aðrar skammtímaskuldir	7.267	5.841	1.426	24,4%
Skammtímaskuldir alls	19.715	16.973	2.742	16,2%
Skuldir og eigið fé alls	94.771	93.373	1.398	1,5%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA




- **Eiginfjárhluftfall 35,5% í lok annars ársfjórðungs.**
- **Kaup á eigin bréfum og greiddur arður fyrir samtals 1.447 millj. kr. á árinu.**
- **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækka um 2.659 millj. kr., þar af 1.816 millj. kr. vegna opinberra gjalda tengd birgðum.**
- **Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu 29.299 millj. kr. og lækka um 715 millj. kr. frá áramótum.**
- **Fjármagnsskipan samstæðunnar er í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 2F 2023



- **Handbært fé frá rekstri nam 2.859 millj. kr. og hækkar um 2.382 millj. kr. milli ára.**
- **Fjárfestingar námu 714 millj. kr. á 2F 2023, minnkun um 502 millj. kr. milli ára.**
- **Greiddur arður á fjórðungnum nam 914 millj. kr.**
- **Afborganir af vaxtaberandi lánum og leiguskuldum námu 1.104 millj. kr.**
- **Hækkun handbærs fjár á 2F 2023 nam 503 millj. kr.**

Milljónir króna	2F 2023	2F 2022	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	1.823	2.653	(829)	-31,3%
Handbært fé frá rekstri	2.859	476	2.382	500,4%
Fjárfestingar	(714)	(1.216)	502	-41,3%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	383	256	127	49,5%
Viðskipti við hluthafa	(914)	(1.757)	844	-48,0%
Viðskipti við lánastofnanir	(1.104)	1.644	(2.748)	-167,1%
Gengismunur af handbæru fé	(9)	28	(37)	-130,5%
Handbært fé í lok tímabils	2.326	2.085	241	11,6%




- Starfsemin á 2F 2023
- Uppgjör 2F 2023
- **Staða og horfur**

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	11,4
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	10,6
Gildi - lífeyrissjóður	9,4
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,4
Birta lífeyrissjóður	6,4
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,6
Festa - lífeyrissjóður	4,0
Stapi lífeyrissjóður	3,6
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,6
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0

Markaðsupplýsingar	30.6.2023	31.12.2022	Breyting
Útistandandi hlutir	305 m.	308 m.	-1,0%
Verð í lok tímabils	171 kr.	182 kr.	-6,0%
Markaðsvirði	52.070 m.kr.	55.965 m.kr.	-7,0%
Velta 12m	35.167 m.kr.	48.808 m.kr.	-27,9%
Fjöldi hluthafa	1.248	1.269	-1,7%



Staða og horfur árið 2023



Afkomuspá ársins 2023

- EBITDA spá Festi fyrir árið 2023 er óbreytt 9.750 – 10.250 millj.kr.

Forsendur og áhætta:

- Áhrif stýrivaxtahækkana.
- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð.
- Breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög íslendinga til útlanda.

Fjárfestingar og viðskipti við hluthafa:

- CAPEX spá Festi fyrir árið 2023 er lækkuð um 250 millj. kr. og nemur nú 4.250 – 4.750 millj. kr.
- Fjárfestingar á 2F 2023 námu 714 millj. kr.
- Greiddur arður á 2F 2023 nam 914 millj. kr.
- Ný endurkaupaáætlun á eigin bréfum hófst 21. júlí sl. fyrir um 600 millj. kr.

Helstu atriði:

- Rekstur fjórðungsins gekk ágætlega og í samræmi við áætlanir félagsins.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 14,2% en verðbólga setur áfram þrýsting á framlegðarstig og allan rekstrarkostnað.
- Framlegðarstig hækkar í öllum starfspáttum frá síðasta fjórðungi.
- Mikill fókus áfram á rekstrarkostnað og leiðir til að lækka einingakostnað í samstæðunni.
- Skipulagsbreytingar gerðar til að skerpa fókus til aukins vaxtar.
- Samningur undirritaður um kaup á Lyfju 13. júlí sl.

Takk fyrir



Fyrirvarar



- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttu sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.